# FRÉTTABRÉF
# HÖRGÁRSVEITAR

10. september 2026 | 17. árgangur 13. tölublað

HÖRGÁRSVEIT

## FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

### Sundlaugin á Þelamörk

VETRAROPNUN

| | |
|---|---|
| **MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA** | **16:00 - 22:30** |
| **FÖSTUDAGA** | **LOKAÐ** |
| **LAUGARDAGA** | **11:00 - 18:00** |
| **SUNNUDAGA** | **11:00 - 22:30** |

ÞELAMÖRK
ÍÞRÓTTAHÚS - SUNDLAUG

### Íþróttavika Evrópu í Hörgársveit #BeActive

Dagskrá vikunnar má nálgast **HÉR**

### Viðhald ljósastaura



Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldsþörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 15. september 2026, ef úrbætur á að gera núna. Næsta viðhaldsferð verður í desember. Tilkynningar um viðhaldsþörf þurfa að berast skrifstofu Hörgársveitar, í síma 460 1750 eða á horgarsveit@horgarsveit.is.

### Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 28. september klukkan 10:00.

# ÍÞRÓTTASKÓLI SMÁRANS

**HREYFING • LEIKUR • FJÖLBREYTNI**

UNGMENNAFÉLAGIÐ SMÁRINN

## ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN Á ÞELAMÖRK

500 KR. Á BARN Í HVERT SKIPTI

**ÍÞRÓTTASKÓLINN ER**
**1. OG 3. SUNNUDAG Í MÁNUÐI**
**HEFST 20. SEPTEMBER**



ÖLL BÖRN VELKOMIN!

**FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK**

# #BEACTIVE

## 23. - 30. SEPTEMBER

ÞELAMÖRK
ÍÞRÓTTAHÚS - SUNDLAUG

UNGMENNAFÉLAGIÐ SMÁRINN

# DAGSKRÁ ÍÞRÓTTAVIKU EVRÓPU Í HÖRGÁRSVEIT

ALLIR VIÐBURÐIR ERU GJLADFRJÁLSIR

**23.-30.9 ÖLL VIKAN – RATLEIKUR**

- RATLEIKUR Á ÞELAMÖRK ALLA VIKUNA | NÁNARI UPL. Á FB VIÐBURÐI

**23.9 MIÐVIKUDAGUR – FÓTBOLTAMÓT**

- SPARKVÖLLURINN VIÐ ÞELAMERKURSKÓLA KL. 17:00 | SKRÁNING Á FB VIÐBURÐI

**24.9 FIMMTUDAGUR – PÍLUMÓT Í ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Á ÞELAMÖRK**

- Í UMSJÓN PÍLUDEILDAR SMÁRANS KL. 18:00 | SKRÁNING Á FB VIÐBURÐI

**25.9 FÖSTUDAGUR – BADMINTON TÍMI**

- OPINN TÍMI KL. 17:00 FYRIR ALLA ALDURSHÓPA Í ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Á ÞELAMÖRK

**26.9 LAUGARDAGUR – LÖGMANNSHLÍÐARHRINGURINN ALLIR VELKOMNIR**

- MEÐ FÉLAGI ELDRI BORGARA Í HÖRGÁRSVEIT, MÆTING VIÐ LEIKSKÓLANN KL. 10:00

**27.9 SUNNUDAGUR – AQUA ZUMBA OG ÍÞRÓTTASKÓLI SMÁRANS**

- BÁÐIR VIÐBURÐIR ERU KL. 10:00, HILDUR SÓLVEIG SÉR UM AQUA ZUMBA Í LAUGINNI OG SMÁRINN BÝÐUR UPPÁ ÍÞRÓTTASKÓLA FYRIR KÁTA KRARRA.

**28.9 MÁNUDAGUR – GÖNGUFERÐ AÐ HRAUNSVATNI**

- MEÐ FERÐAFÉLAGINU HÖRG, MÆTING KL. 17:00 Í HRAUN

**29.9 ÞRIÐJUDAGUR – JÓGA**

- Í ÍÞRÓTTAHÚSINU Á ÞELAMÖRK MEÐ HÓFFU KL. 20:00

**30.9 MIÐVIKUDAGUR – FJÖLSKYLDUDAGUR Í SUNDLAUGINNI**

- ÍS Í BOÐI EFTIR SUND OG TÓNLIST Á BAKKANUM KL. 16:00 - 18:00

An initiative of the European Commission

# Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 10. september 2026 kl. 10:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla .
Fundarmenn: Sunna María Jónasdóttir, Árni Rúnar Örvarsson, Róbert F. Jósavinsson, Bjarki Freyr Brynjólfsson og Katrín Olsen Björnsdóttir.
Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

**1. Fundargerðir rekstrar- og framkvæmdarnefndar - 2026 - H2602054**
Fundargerð rekstrar og framkvæmdanefndar frá fundi 8.9.2026 lögð fram.

*1-3: Snjómokstur.*
*Rætt um samninga um snjómokstur.*
*Sveitarstjórn samþykkti að samningar við núverandi verktaka verði framlengdir um eitt ár með vísitöluhækkun.*

*1-6. Skipulag fjárhagsáætlunarvinnu*
*Rætt um kaup á Ásnum, áætlanalausn KPMG og tilboð kynnt.*
*Sveitarsjórn samþykkti að ganga til samninga við KPMG um kaup á kerfinu.*

*1-7. Endurskoðun sveitarfélagsins*
*Tvö endurskoðunarfyrirtæki hafa nálgast sveitarfélagið með að taka að sér vinnu við endurskoðun sveitarfélagsins. Tilboð kynnt.*
*Sveitarstjórn samþykkti að skipta um endurskoðunarfyrirtæki fyrir Hörgársveit og þakkar PricewaterhouseCoopers ehf fyrir gott samstarf.*
*Sveitarstjórn samþykkti að ganga til samninga við KPMG um endurskoðun fyrir sveitarfélagið*

*Róbert Fanndal Jósavinsson vék af fundi undir þessum lið.*

**2. Fundargerðir fræðslunefnd - 2026 - H2602050**
Fundargerð fræðslunefndar frá fundi 9.9.2026 lögð fram ásamt fylgigögnum.
*Umræður um efni fundargerðarinnar en ekkert þarfnaðist afgreiðslu sveitarstjórnar.*

**3. Skólanefnd TE - fundargerðir 2026 - H2605015**
Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar frá 154. fundi lögð fram.

**4. Fundargerð SÍS - 2026 - H2602035**
Fundargerð fræðslunefndar frá fundi 9.9.2026 lögð fram ásamt fylgigögnum.
Umræður um efni fundargerðarinnar en ekkert þarfnaðist afgreiðslu sveitarstjórnar.

**5. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2026 - 2030 - H2609003**
Erindið lagt fram.

**6. Siðareglur Hörgársveitar - H2609004**
Drög að siðareglum lagðar fram.
Fyrri umræða.
Ákveðið að fá lögfræðing sveitarfélagsins til að yfirfara drögin.
Vísað til síðari umræðu.

**7. Sérstakur húsnæðisstuðningur - reglur - H2609005**
Drög að reglum um húsnæðisstuðning lagðar fram.
*Drögunum vísað til Velferðar- menningar og tómstundanefndar til umfjöllunar.*

**8. Hjalteyri ehf. - aðalfundarboð - H2609006**
Aðalfundarboð lagt fram.
*Boðað er til aðalfundar Hjalteyrar ehf. 22. september 2026.*
*Sveitarstjórn samþykkti að Róbert Fanndal Jósavinsson fari með umboð Hörgársveitar á fundinum.*

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 12:03

Skráning á póstlista fréttabréfsins

# NÝ SORPDAGATÖL FYRIR HÖRGÁRSVEIT

Dagatal fyrir sorphirðu hefur nú verið skipt í tvö dagatöl – annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifbýli.

Við hvetjum íbúa til að kynna sér nýju dagatölin og hafa þau aðgengileg svo auðvelt sé að fylgjast með næstu losunardögum.

👉 Skoðaðu sorpdagatalið fyrir þitt svæði hér: DAGATÖL 2026

Athugið að mikilvægt er að velja rétt dagatal eftir því hvort heimilið er í þéttbýli eða dreifbýli.

terra
Umhverfisþjónusta